Héraðsskjalasafn Árnesinga



ÁRSSKÝRSLA 2025

Héraðsskjalasafn Árnesinga©

Útgefandi:
Héraðsskjalasafn Árnesinga
Austurvegi 2
800 Selfoss
482 1259
myndasetur.is
heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is

Ritstjórn: Þorsteinn Tryggvi Másson
Umbrot: Þorsteinn Tryggvi Másson
Prófarkalestur: Hannes Stefánsson

ISSN númer 2298 - 1020

Forsíðumynd: Ungt vinnufólk tilbúið með hrífur í Holti í Stokkseyrarhreppi. Mynd úr safni Jóns Sigurgrímssonar og Jónu Ásmundsdóttur, Holti Stokkseyrarhreppi. Safnmark HérÁrn. 2025_26_JSJÁ_00165. Ljósmyndari óþekktur.

Baksíðumyndir: Svipmyndir frá 40 ára afmæli Héraðsskjalasafns Árnesinga og opnun nýrrar skjalageymslu á Flúðum. Ljósmyndari Rakel Ýr Stefánsdóttir.

HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

ÁRSSKÝRSLA 2025

EFNISYFIRLIT

Héraðsskjalasafn Árnesinga 2025 5

Innri starfsemi 6

Aðgengi og þjónusta 12

Skjalavarsla og skjalastjórn 17

Eftirlit og ráðgjöf 24

Miðlun og rannsóknir 27

Samstarf, ráðstefnur og viðburðir 31

40 ára afmæli 39

Afhendingar 2025 41

HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA 2025

Þann 1. desember var haldið upp á 40 ára afmæli Héraðsskjalasafns Árnesinga. Stofnskrá safnsins var samþykkt á sýslunefndarfundi 6. júní 1985, af Ólafi Ásgeirssyni þjóðskjalaverði 15. nóvember og í desember af Andrési Valdimarssyni sýslumanni fyrir hönd hreppanna 17 og Stefáni Ó. Jónssyni bæjarstjóra fyrir hönd Selfosskaupstaðar. Þessi dagur markaði líka tímamót í sögu safnsins þegar ný og glæsileg geymsla var tekin í notkun á Flúðum.

Þar fyrir utan var í mörgu að snúast, fjöldi fyrirspurna og erinda var með mesta móti. Ráðgjöf starfsfólks vegna skjalahalds og skjalavörslu sveitarfélaga hefur aldrei verið jafn mikil og ráða fyrirhuguð skil á skjölum sveitarfélaga með rafrænum hætti mestu þar um. Afhendingar sveitarfélaga á pappír voru stærri en oft áður, auk þess að bera með ýmsum hætti einkenni breyttrar stjórnsýslu, þ.e. stjórnsýslu sem byggir á rafrænni skráningu gagna.

Mikil áhersla var lögð á gerð ferla og verklags við kortlagningu rafrænna gagnasafna, tilkynninga á rafrænum kerfum, varðveislumat rafrænna kerfa, undirbúningi fyrir rafræn skil og aðgengi að rafrænum gögnum eftir að þau eru komin í vörslu héraðsskjalasafnsins. Þessi vinna var unnin í sameiningu af starfsfólki safnsins, Miðstöð Héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu (MHR) og Netværket Elektronisk Arkivering (NEA) sem Borgarskjalasafn Kaupmannahafnar á og rekur.

INNRI STARFSEMI

Starfsemi héraðsskjalasafnsins var að mestu með hefðbundnu sniði. Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 og reglur sem settar eru á grundvelli laganna mynda rammann um lögbundna starfsemi safnsins sem er í meginatriðum fjórþætt, þ.e.:

- Viðtaka skjala afhendingarskyldra aðila og einkaaðila
- Skráning og aðgengi að safngögnum
- Eftirlit og ráðgjöf með skjalahaldi afhendingarskyldra aðila
- Miðlun og rannsóknir á safngögnum

Hlutverk héraðsskjalasafnsins er fjölþætt, það er stjórnsýslu-, þjónustu- og menningarstofnun – sameiginlegt minni íbúa og sveitarfélaga. Hlutverk þess og þýðing fyrir réttindi íbúa, vandaða stjórnsýslu og rekjanleika stjórnsýsluákvarðana er óumdeilt. Skjalasafnið er samofið stjórnsýslu sveitarfélaganna og héraðsmenningu. Safnið er ein af grunnstoðum þeirra innviða sem við kennum við opið og lýðræðislegt samfélag.

Stafræn vegferð stjórnsýslunnar allrar hefur bein áhrif á stafræna vegferð safnsins og forgangsröðun verkefna þegar litið er til uppbyggingar á stafrænum innviðum. Þarna fara saman lögbundnar skyldur safnsins og kröfur um stafrænar lausnir þegar kemur að því að veita íbúum þjónustu. Héraðsskjalasafnið tekur beinan þátt í þessari vegferð.

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Stjórn héraðsskjalasafnsins er skipuð af Héraðsnefnd Árnesinga bs. Formaður stjórnar er Gestur Þór Kristjánsson úr Ölfusi, aðrir stjórnarmenn eru Brynhildur Jónsdóttir úr Árborg og Jón Bjarnason úr Hrunamannahreppi. Stöðugildi við héraðsskjalasafnið voru fjögur.

Héraðsskjalavörður er Þorsteinn Tryggvi Másson og skjalaverðir Guðmunda Ólafsdóttir og F. Elli Hafliðason. Starfsfólk í sérverkefnum ýmiss konar voru Rakel Ýr Stefánsdóttir og Brynjar Jón Brynjarsson.

PERSÓNUVERNDAR-FULLTRÚI

Héraðsskjalasafnið gegnir hlutverki persónuverndarfulltrúa fyrir Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Hlutverkið samræmist vel annarri starfsemi safnsins og tryggir ásamt öðrum sérverkefnum fjórða stöðugildið. Sérfræðiþekking starfsfólks á sviði persónuverndarréttar vegna aðgengis að safngögnum sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar nýtist vel og styður við þetta hlutverk safnsins.



BREYTINGAR Á LÖGUM OG GJALDSKRÁ

Árið 2024 voru gerðar breytingar á lögum um opinber skjalasöfn. Breytingarnar hverfast í meginatriðum um stafrænuvæðingu stjórnsýslunnar og heimildir til gjaldtöku. Með breytingunum var lögfest sú meginregla að skjöl afhendingarskyldra aðila sem mynduð eru með rafrænum hætti verði afhent á opinber skjalasöfn með rafrænum hætti, þ.e. í formi rafrænna vörsluútgáfa. Breytingin tekur mið af stafrænni vegferð ríkis og sveitarfélaga og er ætlað að tryggja að rafræn gögn séu varðveitt á rafrænu formi til langframa.

Heimildir til gjaldtöku voru gerðar skýrari og er héraðsskjalasöfnunum heimilt að setja sér gjaldskrá fyrir margvíslega þjónustu, s.s. móttöku, skráningu og varðveislu skjala, gjald fyrir eftirlit og ráðgjöf o.fl. Gjaldskráin skal taka mið af þeim kostnaði sem hlýst af varðveislu skjala og skal ekki vera hærri en raunkostnaður að teknu tilliti til húsnæðis-, launa-, og rekstrar-, efniskostnaðar og afskrifta af búnaði. Gjaldtökuheimildum er ætlað að tryggja jafnræði milli sveitarfélaga óháð því hvort þau eigi og reki eigið skjalasafn eða afhendi skjöl sín á Þjóðskjalasafn.

Þarna er horft fram hjá menningarhlutverki héraðsskjalasafnanna, þýðingu þeirra fyrir nærsamfélögin sem þau þjóna og þeirri sérþekkingu sem starfsfólk skjalasafnanna býr yfir. Það er ógjörningur að setja verðmiða á þetta hlutverk. Héraðsskjalasafnið mun í samvinnu við önnur héraðsskjalasöfn setja sér gjaldskrá sem tekur til ýmissa lögbundinna verkefna þar sem sveitarfélögin nýta sérfræðiþekkingu starfsfólks. Samstarf sveitarfélaganna og safnsins tryggir ákveðna festu og fagmennsku um leið og kostnaði er haldið í lágmarki.

Sveitarfélögin eru sjálfstæð stjórnvöld og mikilvægt að þau hafi fullt og óskorað vald yfir eigin skjölum og aðgengi að þeim. Það gera þau með rekstri héraðsskjalasafna þar sem þjónustan er veitt heima í héraði.

HÚSNÆÐISMÁL

Ný 327 m^2 skjalageymsla við Hrunamanna-veg 3 á Flúðum var tekin formlega í notkun 1. desember, á 40 ára afmæli safnsins. Settir voru upp skjalaskápar, rúmlega 1.322 hillumetrar og þá er gert ráð fyrir því að setja upp stærri hillur fyrir hluta safngagna. Á Flúðum verður komið upp starfsaðstöðu vegna afgreiðslu og skráningar á skjölum. Með þessari viðbót á héraðsskjalasafnið að geta tekið á móti skjölum sveitarfélaga og einstaklinga fram til ársins 2050. Þá er fyrirhugað að rafræn gögn sveitarfélaga verði hýst í sérstöku rými á Flúðum.

Héraðsskjalasafnið er áfram til húsa að Austurvegi 2 á Selfossi í ráðhúsi Sveitarfél-agsins Árborgar, skjalageymsla er í Háheiði 9 þar sem einnig er vinnu- og skráningar-rými.

Á Flúðir fara aðeins skjöl sem búið er að skrá eða endurskrá: allar skjalaöskjur merktar með QR-kóða og skráðar í afgreiðslu-, pöntunar- og staðsetningarkerfi. Þetta tryggir rekjanleika og að staðsetning skjala sé ljós. Gert er ráð fyrir því að stærstur hluti safnkostsins verði á Flúðum. Ákveðinn hluti skjala sveitarfélaga verður áfram á Selfossi til að einfalda afgreiðslu.

Áfram þarf að leita að hentugu skrifstofu- og þjónustuhúsnæði fyrir starfsemi safnsins á Selfossi. Samkvæmt þarfagreiningu er gert ráð fyrir skrifstofu- og vinnurými, móttöku og lestrarsal auk skjalageymslu. Samhliða flutningum þarf að endurskoða þarfa-greininguna til að starfsemi og þjónusta safnsins sé eins og best verður á kosið.















REKSTUR


	2025	2025 áætlun	2024
Rekstrartekjur			
Héraðsnefnd Árnesinga, framlag	62.750.000	52.250.000	52.250.000
Sveitarfélagið Árborg, styrkur	1.750.000	1.750.000	1.750.000
Aðrar tekjur	18.761.213	15.550.000	29.612.347
Samtals:	**83.261.213**	**69.550.000**	**83.612.347**
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	44.286.693	53.093.918	40.047.849
Annar rekstrarkostnaður	18.903.493	15.195.000	28.899.419
Afskriftir	775.724	364.170	364.170
Samtals:	**63.965.900**	**68.653.088**	**69.311.438**
Afkoma fyrir fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	19.295.313	896.912	14.300.909
Fjármunatekjur og fjármunagjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur	2.367.045	0	2.116.753
Vaxtagjöld	(629.303)	(0)	(749.687)
Samtals:	**1.737.742**	**(0)**	**1.367.066**
Rekstrarniðurstaða ársins	**21.033.055**	**896.912**	**15.667.975**

AÐGENGI OG ÞJÓNUSTA

AÐGENGI


Réttur almennings til upplýsinga er einn af grundvallarþáttum lýðræðislegra samfélaga. Mikilvægt er að stjórnvöld veiti almenningi aðgengi að upplýsingum í samræmi við upplýsingalög og að opinber skjalasöfn veiti aðgang að gögnum ýmist í samræmi við upplýsingalög eða lög um opinber skjalasöfn. Þá geta ákvæði annarra laga og reglugerða haft áhrif á aðgengi og afgreiðslu opinberra gagna. Þessi þjónusta er gjaldfrjáls.





SKJALASKRÁR

Á vef safnsins, myndasetur.is, er að finna skjalaskrár sem ná yfir stærstan hluta safngagna. Skrárnar eru leitarbærar, það er hægt að hlaða þeim niður, prenta út og panta skjölin á lestrarsal eða í millisafnalán. Þessar skrár taka mið af lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Sérstakar skrár, innri skjalaskrár og aðfangabók innihalda upplýsingar um eldri afhendingar sem enn á eftir að skrá samkvæmt stöðlum sem og afhendingar sem aðeins er búið að frumskrá.




Miðlun skjalaskráa á vef tengist innviðauppbyggingu safnsins með beinum hætti. Skjalaskrárnar nýtast starfsfólki vel við að svara fyrirspurnum og erindum, notendum er vísað á skrárnar og þeir geta í kjölfarið pantað skjöl á lestrarsal. Þá gera skjalaskrárnar notendur meira sjálfbjarga en áður, einfalda verklag og umsýslu.

Allar afhendingar sem skráðar eru skv. stöðlum eru aðgengilegar á vef. Sama á við um skrár yfir rafrænar afhendingar þrátt fyrir að skráning þeirra sé um margt ólík skráningu á pappírsskjölum. Mikilvægt er að rafræn gagnasöfn séu aðgengileg með sama hætti og önnur skjalasöfn. Fyrirspurnir um rafræn gögn voru afgreiddar á árinu og fengu notendur þau gögn send á rafrænu formi.

FYRIRSPURNIR OG ERINDI

Teknar eru saman tölur um fjölda fyrirspurna, erinda, lána á lestrarsal, önnur not af safngögnum, fjölda afhendinga, stærð o.fl. Þetta er gert til að auðvelda starfsfólki að svara fyrirspurnum og erindum tímanlega og í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Skráning þessara upplýsinga auðveldar yfirsýn yfir verkefnastöðu, skráningu og endurskráningu safngagna, umsjón og utanumhald um rafræna skjalavörslu, eftirlit o.fl.

Fyrirspurnir og erindi, þ.m.t. lán á lestrarsal voru 1.297. Frá 2020 - 2025 hafa fyrirspurnir og erindi verið rúmlega 1.200 á ári. Borið saman við næstu fimm ár á undan hefur aukning fyrirspurna og erinda verið rúm 40% og farið úr um 850 í rúmlega 1.200 á ári að jafnaði. Fjöldi fyrirspurna og erinda frá sveitarfélögum voru 592 og hafa aldrei verið fleiri. Þar af voru 255 vegna eftirlits og ráðgjafar auk 129 erinda sem tengjast rafrænni skjalavörslu, alls 384 erindi.




Fyrirspurnir og erindi frá einstaklingum, hópum, félögum og fyrirtækjum voru 705. 253 öskjur voru afgreiddar á lestrarsal sem er met. Þetta á einnig við um fjölda askja sem starfsfólk notaði vegna fyrirspurna og erindi, þ.e. 184 öskjur. Erindi eða heimsóknir vegna ljósmyndaskráningar voru 109. Ábendingar vegna ljósmyndaskráningar voru 295.

Afgreiðslu á trúnaðargögnum (viðkvæmum persónuupplýsingum) var breytt. Trúnaðargögn voru áður aðeins afhent á pappír, en eru nú afgreidd með rafrænum hætti þar sem krafist er rafrænnar auðkenningar. Þetta einfaldar afgreiðslu og málsmeðferðartími styttist. Aðgengi og þjónusta er sú sama óháð búsetu þeirra sem þurfa að nýta sér þessa þjónustu.

Starfsfólk sveitarfélaganna notar safnið að jafnaði alla virka daga ársins. Þekking starfsfólks skjalasafnsins á stjórnsýslu sveitarfélaganna, á einstökum stofnunum, stofnunum sem ekki eru lengur til sem og á safngögnum einfaldar upplýsingagjöf og styttir málsmeðferðartíma.

Tegund fyrirspurna




SÉRFRÆÐIÞEKKING STARFSFÓLKS

Þrátt fyrir að stærstur hluti skjalaskráa sé aðgengilegur á vef safnsins leita almenningur og stjórnvöld í flestum tilvikum beint til starfsfólks. Sérfræðiþekking starfsfólks á skráðum og óskráðum skjölum ræður mestu þar um sem og þekking þess á stjórnkerfi sveitarfélaga í gegnum tíðina sem og tengingu milli opinberra og einkaskjala. Gott samstarf starfsfólks safnsins og starfsfólks sveitarfélaga bætir þjónustu safnsins.



SKJALAVARSLA OG SKJALASTJÓRNUN

Afhendingar árið 2025 voru 88. Fjöldi þeirra hefur ekki tekið miklum breytingum á milli ára eða 94 að jafnaði ef horft er til síðustu tíu ára. Fækkun afhendinga milli ára tengist því að fjöldi afhendinga sveitarfélaga var settur í tímabundna geymslu og því ekki færður í aðfangaskrá. Frá 2001-2025 hefur safnið tekið á móti 2.114 afhendingum. Aðfangabókin inniheldur 2.977 afhendingar-númer.



AFHENDINGAR PAPPÍRSSKJALA

Frá 2010-2025 hefur safnið tekið á móti 941,07 hillumetrum, þ.e. 58,8 hillumetrum á ári að jafnaði. Þetta er nærri tvöföldun á magni skjala borið saman við árin 2000–2009 þegar safninu bárust að jafnaði 30 hillumetrar á ári. Aukin skjalamyndun sveitarfélaga tengist með beinum hætti fjölgun íbúa, fjölgun lögbundinna verkefna og aukinni þjónustu sveitarfélaga við íbúa sína. Skjölin verða ekki til í tómarúmi.

Á árinu voru afhentir 77,16 hillumetrar af skjölum. Í rýmisáætlun er gert ráð fyrir 40-50 metrum á ári að jafnaði. Þetta skýrist að hluta til vegna flutninga og tiltekta í skjalageymslum sveitarfélaga. Sveitarfélög og stofnanir þeirra afhentu 21 afhendingu, alls 62,18 hillumetra en einkaskjalasöfn voru 67, alls 15,18 hillumetrar. Endurskipulagning á skjalageymslum á Selfossi tryggðu að safnið gat tekið við þessum skjölum. Áætlanir um aukningu safngagna til ársins 2050 gera ráð fyrir því að pappírsskjöl verði um 3.000 hillumetrar.




TILKYNNINGAR OG AFHENDINGAR RAFRÆNNA GAGNA

Áður en hægt er að afhenda rafrænt gagnasafn þarf að meta hvort það sé varðveislu-vert, tilkynna það, úrskurða um skil og sinna eftirliti. Þá fyrst hefst formlegt afhendingar-ferli þar sem hugað er að lokafrágangi mála, frekari skráningu lýsigagna ef þess er þörf, skilafunda, prófana og að endingu afhend-ingu á vörsluútgáfu. Vörsluútgáfurnar eru prófaðar með ýmsum hætti og geta tekið breytingum áður en vörsluútgáfa er sam-þykkt og orðin hluti af safngögnum.

Ljóst er að hlutfall rafrænna afhendinga mun hækka jafnt og þétt næstu árin og verða elstu málin, skjölin, úr þessum málasöfnum afhent 2027.

Á árinu var lögð áhersla á varðveislumat og tilkynningar á rafrænum málasöfnum sveitarfélaga og voru níu málakerfi tilkynnt en skjalamyndarar eru 20. Rafræn gagna-söfn geta verið miðlæg, þ.e. notuð af fleiri en einum afhendingarskyldum aðila. Þá til-kynnir sá aðili sem stendur fyrir innleiðingu, þróun og viðhaldi gagnasafnið til héraðs-skjalasafnsins. Eitt þessara málakerfa var afhent á árinu. Afhendingin var prófuð af umsjónarmanni MHR í samræmi við reglur þar um og kröfur sem settar eru fram í OAIS staðli (Open Archival Information System) ISO 14722. Fyrsta bókhaldskerfið var tilkynnt á árinu.



SKJALASKRÁNING

Skjöl eru skráð samkvæmt stöðlum, ISAD-G, ISAAR og ISDIAH. Staðlarnir taka til allra þátta skjalaskráningar, lýsingar á skjala-myndara auk upplýsinga um skjalasafnið sjálft. Verklag við móttöku, skráningu, frágang og aðra vinnu sem tengist skjala-skráningu byggir á þessum sömu stöðlum. 48 af 88 afhendingum sem bárust á árinu voru skráðar. Eldri afhendingar sem ýmist voru frum- eða endurskráðar voru 147. Heildarfjöldi skráðra afhendinga var 195. Skráðir voru 63,79 hillumetrar, 38,03 frá árinu 2025 og 25,76 frá eldri árum. Alls er búið að skrá 2.622 afhendingar skv. stöðlum eða um 1.328.81 hillumetra.

Um 88% af safngögnum eru nú skráð skv. ISAD-G staðli. Ítarskráning á hluta þessara skjala er nauðsynleg til að bæta leitarbærni og aðgengi. Miðlun kallar einnig á enn frekari skráningu. Skráning pappírsskjala-safna er eitt af kjarnaverkefnum safnsins.

Samstarfi skjalasafnsins og Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita var haldið áfram undir stjórn Guðmundu Ólafsdóttur. Nú var hluti skjala á átta brettum sem varðveitt voru tímabundið á Byggðasafni Árnesinga flutt í geymslu safnsins í Háheiði og skráð, 2.018 arkir, alls 22,5 hillumetrar. Mikilvægt er að skjöl skipulags- og byggingafulltrúa séu vel skráð, lýsigögn ítarleg og aðgengi gott.



QR KÓÐA MERKINGAR

Samhliða flutningum var afgreiðslu-, pöntunar- og staðsetningarkerfi sem notar QR kóða tekið í notkun. Allar öskjur eru merktar með QR kóða sem inniheldur upplýsingar um innihald öskju, staðsetningu o.fl. Afgreiðslu- og pöntunarkerfið heldur á sama tíma utan um notkun á safngögnum og tryggir rekjanleika þeirra.






OPINBER SKJÖL OG EINKASKJÖL

Fjöldi skráðra opinberra skjalasafna, þ.e. skjalasöfn afhendingarskyldra aðila eru 851 eða tæp 33% á meðan að skráð einkaskjala-söfn eru 1.771 eða um 67%, alls 2.622. Ef horft er á fjölda hillumetra sem búið er að skrá skv. stöðlum þá eru opinberu skjölin 832,89 hillumetrar eða tæp 63% á meðan einkaskjalasöfn eru 495,95 eða rúmlega 37%. Í aðfangabók safnsins eru 2.977 afhendingar sem þýðir að það á enn eftir að frum- eða endurskrá 355 afhendingar.

Þekking starfsfólks á sögu sveitarfélaganna, þróun stjórnsýslunnar og skjölum hennar er mikilvæg. Samstarf sveitarfélaga í gegnum tíðina, einkum á sviði skipulagsmála, skólamála, velferðarþjónustu o.s.frv. hefur haft bein áhrif á myndun skjala. Þá þarf einnig að horfa til þess að skil á milli opinberra- og einkaskjala geta verið óljós. Vitnisburður sem kemur fram í opinberum skjölum verður oft á tíðum heilsteyptari þegar hægt er að setja hann í samhengi við einkaskjöl.




RAFRÆN SKJALAVARSLA

Sveitarfélögin nota margvíslegar stafrænar lausnir til að bæta þjónustu sína við íbúa – þau eru þekkingarsamfélög. Þessi stafræna umbreyting hefur með beinum hætti áhrif á starfsemi héraðsskjalasafnsins og þá sérstaklega á verkefni sem tengjast rafrænni skjalavörslu. Kortlagning rafrænna gagnasafna, greining, varðveislumat, tilkynningar, úrskurðir um skil, móttaka og afgreiðsla úr rafrænum gagnasöfnum er nú hluti af kjarnastarfsemi safnsins.

Starfsfólk hefur um árabil leitt vinnu við gerð skjalavistunaráætlana og málalykla sem eru forsenda þess að skjalavarsla sveitarfélaganna sé rafræn og að sveitarfélögin geti í framtíðinni afhent skjöl sín á formi rafrænna vörsluútgáfa.

Vinna og prófanir við gerð vörsluútgáfa hafa í för með sér nokkurn kostnað. Þessi kostnaður er óhjákvæmileg afleiðing af stafrænuvæðingu stjórnsýslunnar og breytingum á lögum um opinber skjalasöfn.

Rafræn skjalavarsla sveitarfélaga hefur bein áhrif á starfsemi skjalasafnsins. Erindi og fyrirspurnir berast og er svarað með rafrænum hætti. Skjalasafnið heldur úti rafrænum lestrarsal og sífellt fleiri notendur óska eftir því að gögn séu gerð aðgengileg með rafrænum hætti. Stafræn endurgerð á safnkosti tekur mið af þessari þróun og er það hluti af því að bæta þjónustu safnsins við sveitarfélög og almenning.




EFTIRLIT OG RÁÐGJÖF

Héraðsskjalasafnið hefur eftirlit með framkvæmd sveitarfélaga á lögum um opinber skjalasöfn og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra. Vægi eftirlits- og ráðgjafahlutverks safnsins hefur aukist á undanförnum árum. Aukin notkun stafrænnar tækni, breytt verklag, innleiðing og endurnýjun málalykla og skjalavistunaráætlana hjá sveitarfélögunum og tíðari heimsóknir starfsfólks skjalasafnsins á starfsstöðvar skýra þessa aukningu.

Aukin stafrænuvæðing sveitarfélaganna hefur bein áhrif á verklag og utanumhald um þau gögn sem verða til í stjórnsýslunni. Aðkoma starfsfólks skjalasafnsins að þessum umskiptum skiptir máli og hefur bætt skjalahald og skjalavörslu sveitarfélaganna.

Fyrirspurnir og erindi frá sveitarfélögum og stofnunum og opinberum aðilum voru 592 talsins. Fyrirspurnir og erindi vegna eftirlits og ráðgjafar voru 255.



KORTLAGNING GAGNASAFNA

Kortlagningu og greiningu á varðveislumati raf-rænna gagnasafna var framhaldið en með breyttu sniði. Í stað þess að nýta spurninga-lista voru stofnanir sveitarfélaga heimsóttar og farið yfir fyrri skráningu. Markmið kort-lagningarinnar nú var að gera enn fyllra yfir-lit yfir rafræn gagnasöfn sveitarfélaga. 166 gagnasöfn eða kerfi voru skráð. Mörg þessara gagnasafna eru miðlæg sem þýðir að umsjónaraðili/eigandi þess skilar vörslu-útgáfu sem inniheldur gögn fleiri en eins skjalamyndara.

Greining á varðveislumati snýr að því hvort rafræn gagnasöfn geymi upplýsingar sem eru varðveisluverðar samkvæmt lögum. Þessi greiningarvinna hefur bein áhrif á fjölda skila og út frá niðurstöðum þessarar vinnu og reglum um eyðingu ákveðinna skjalaflokka er hægt að skilgreina hvaða rafrænu gagnasöfn verða varðveitt til langframa, hvaða söfn eru varðveitt þar til hagnýtu gildi þeirra lýkur. Niðurstöður þessarar vinnu geta haft bein áhrif á rekstrar-kostnað þeirra fjölmörgu rafrænu gagna-safna sem sveitarfélögin eiga og reka.

Kortlagning rafrænna gagnasafna styður við starfsáætlanir, varðveislumat, tilkynningar, úrskurði og væntanleg skil.


FUNDIR OG HEIMSÓKNIR

Starfsfólk skjalasafnsins fundar með eða heimsækir fjölda stofnana á hverju ári og leiðbeinir um skráningu skjala og málsgagna, frágang á rafrænum gagnasöfnum og pappírsskjalasöfnum, hreinsun úr skjala-söfnum, grisjun auk þess að aðstoða við gerð málalykla, skjalavistunaráætlana og tilkynninga á rafrænum gagnasöfnum. Þetta samstarf sérfræðinga safnsins og stofnana sveitarfélaga styður við skilvirkari stjórn-sýslu á sveitarstjórnarstiginu og bætir gæði þeirra afhendinga sem skjalasafnið tekur á móti. Skjöl og málsgögn eru betur skráð og kostnaður vegna frágangs og skráningar er alla jafna lægri.

Leiðbeiningar- og eftirlitshlutverk héraðs-skjalasafnsins, samstarf þess og hinna fjölmörgu stofnana sveitarfélaga hefur aldrei verið mikilvægara en nú þegar sveitarfélögin fara yfir í rafræna skjalavörslu. Þessu til stuðnings má nefna fundi og ráðgjöf vegna verkefna er tengjast skóla- og velferðar-málum, skráningu mála og málsgagna og vegna skipulags- og byggingarmála.

MÁLALYKLAR OG SKJALAVISTUNARÁÆTLANIR

Mikil áhersla hefur verið lögð á gerð og endurnýjun málalykla og skjalavistunaráætlana á síðustu árum. 52 afhendingarskyldir aðilar eiga að vera með skjalavistunaráætlanir og málalykla, og eiga þeir að haga skjalahaldi og skjalastjórn í samræmi við lög um opinber skjalasöfn. Stjórnskipulag, skipurit sveitarfélaga og valdmörk milli stofnana ráða miklu um verklag. Stofnanir nýta sumar ákveðna efnisflokka og númer innan sama málalykils og þá er skráningu mála og málsgagna þannig háttað að ljóst er hver er skjalamyndari, hvaða starfsfólk hefur aðgang að málum og málsgögnum og skráning lýsigagna tryggir að hægt er að greina á milli skjalamyndara.



32 afhendingarskyldir aðilar eru með málalykil, 39 er með skjalavistunaráætlun. Sumir þessara aðila eru með hvorutveggja. 44 eða 84% eru með málalykla eða skjalavistunaráætlanir. Stjórnskipan og rekstur stofnana innan sveitarfélaga ræður miklu um hvernig skjalahaldi er háttað og þá hvort ákveðnir þættir skjalavörslunnar, skráningar o.s.frv. sé miðlægir. Skjalastjórn leikskóla gerir ráð fyrir því að ákveðin gögn þeirra séu skráð í persónumöppur nemenda en ekki í málasafn viðkomandi skóla. Af þeim sökum eru færri afhendingarskyldir aðilar með samþykkta málalykla.

Starfsfólk vann á árinu að gerð og endurnýjun skjalavistunaráætlana og málalykla. Hlíting á regluverki er nauðsynlegur undanfari þess að stofnanir geti afhent gögn sín á rafrænu formi. Þær stofnanir sem ekki hafa samþykktar skjalavistunaráætlanir og málalykla munu ekki geta afhent rafræn gagnasöfn.


MIÐLUN OG RANNSÓKNIR

Á vegum héraðsskjalasafnsins eru reknir nokkrir vefir sem miðla ljósmyndum, heimildum, skjalaskrám og sögulegum fróðleik. Aðalvefur safnsins er myndsetur.is. Vefirnir hafa að geyma upplýsingar um rúmlega 2.000 skjalamyndara. Þar er jafnframt hægt að fletta í gegnum ljósmyndir, skjalaskrár og heimildir sem varpa ljósi á stjórnsýslu, byggðaþróun, breytta búskaparhætti og öflugt félags-, menningar- og íþróttastarf í sýslunni.

Miðlunarvefurinn er hinn sýnilegi hluti þeirrar stafrænu vegferðar sem héraðsskjalasafnið er í. Miðlunarvefurinn er rafrænn lestrarsalur sem er opinn allt árið.

Miðlunarvefurinn er fyrir löngu orðinn almenningseign og gefur þeim sem hafa áhuga á sögu og mannlífi tækifæri til að líta til baka og skoða þær miklu samfélagsbreytingar sem hafa átt sér stað innan sýslunnar frá ofanverðri 19. öld og fram á 21. öldina.

Upplifun notenda af vefnum þarf að vera jákvæð, leitarvélin einföld og fljótvirk, niðurstöður skýrar, einfalt að hlaða niður, prenta, áframsenda og þrengja eða víkka leitarskipanir. Ljósmynda-, heimilda- og skjalaskrárvefirnir eru byggðir upp með sama hætti og geta notendur ýmist leitað þvert á þá eða sérstaklega í einhverjum þeirra.



MIÐLUN LJÓSMYNDA

Ljósmyndir eru bæði afhentar sérstaklega eða sem hluti af stærri afhendingum. Skönnun, skráning og miðlun þeirra er órjúfanlegur hluti af kjarnastarfsemi safnsins. Miðlun ljósmynda eykur sýnileika safnsins og styður við menningarhlutverk þess. Miðlun ljósmynda og möguleiki almennings til að taka þátt í að bæta skráningu skapar bæði traust og velvilja gagnvart safn-inu. Þetta samtal milli almennings og safnsins hefur með beinum hætti áhrif
á fjölda afhendinga sem safninu berast.



Allar ljósmyndir sem safninu berast eru skoðaðar og metið hvort það eigi að skanna þær og birta á vef. Skráningin er tvíþætt: Annarsvegar er því sem er á myndinni lýst, einstaklingar eru nafngreindir og frekari upplýsingum bætt við ef þess er kostur, leitarorð, staðsetning og ýmiss konar tæknilegar upplýsingar eru skráðar. Þessar upplýsingar fylgja hinni stafrænu útgáfu myndarinnar og eru aðgengilegar á vef.
Þá er ljósmyndin skráð eins og skjal
í skjalaskrá.

Notendur ljósmyndavefs geta sent inn ábendingar um skráningu ljósmynda, bætt við upplýsingum, leiðrétt eða sett fram ábendingar. Starfsfólk fer yfir, leiðréttir og uppfærir skráningu. Almenningur kemur þannig með beinum hætti að því að skrá ljósmyndir í vörslu safnsins.

- Rúmlega 156.000 skannaðar ljósmyndir
- Rúmlega 138.000 ljósmyndir á vef

MIÐLUN SKJALA

Héraðsskjalasafnið hefur nú í rúmlega 10 ár miðlað stafrænum endurgerðum skjala úr safnkostinum á vef. Nú eru 94.419 skjala-einingar aðgengilegar. Þetta eru skjöl sveitar-félaganna, og gömlu hreppanna auk skjala hinna ýmsu félagasamtaka. Þetta eru bæði opinber skjöl og einkaskjöl. Ágúst Ingi Kjartansson og Þorsteinn Tryggvi Másson hönnuðu vefinn sem er notaður á sjö héraðsskjalasöfnum til að miðla skjölum, ljósmyndum og skjalaskrám. Vefurinn er í stöðugri þróun til að bæta og einfalda framsetningu efnis, hraða og leitarbærni.

Stafrænni endurgerð skjala og miðlun þeirra er ætlað að bæta enn frekar þjónustu safnsins við íbúa og sveitarfélög. Þá er stafræn endurgerð mikilvægur hluti af öryggisáætlun safnsins, þ.e. stafræn eintök af elstu og viðkvæmustu skjölum safnsins verða til í miklum gæðum, frumritum er hlíft og aðgengi að þessum skjölum hvorki háð opnunartíma safnsins eða búsetu þeirra sem vilja nota skjölin.

Þrír verkefnastyrkir fengust til miðlunar frá Þjóðskjalasafni, þ.e. á skjölum sveitarfélaga og stofnana á þeirra vegum, búnaðar- og búfjár-ræktarfélaga og á mannræktar-félögum, þ.e. skjölum bindindis-, kven- og ungmennafélaga auk annarra félaga sem settu svip sinn á menningarstarf í sýslunni.

- Rúmlega 94.000 leitarbær skjöl á heimildavef



RANNSÓKNIR

Starfsfólk á samkvæmt lögum að standa fyrir rannsóknum á safngögnum. Samhliða skráningu skjala eru m.t.t. alþjóðlegra staðla teknar saman greinargerðir þar sem stjórnsýslulegu hlutverki og tilgangi stofnana er lýst, gerð er grein fyrir starfsemi félaga, fyrirtækja og æviágrip og ættir einstaklinga eru raktar. Þessar greinargerðir eru mikilvægur þáttur í frágangi á afhendingum þar sem skjöl og skjalasafnið í heild er sett í samhengi við eldri afhendingar, innra skipulag skjalasafnanna lýst sem og ástandi skjalanna. Greinargerðirnar eru stundum fyrsti vísir að frekari rannsóknum á skjölunum og/eða á skjalamyndaranum. Þá geta greinargerðirnar einnig nýst við frekari upplýsingaöflun.



Greinargerðir eru aðgengilegar á lestrarsal ásamt skjalaskrám. Verið er að skoða birtingu þeirra á vef samhliða birtingu skjalaskráa. Þetta er liður í því að bæta þjónustu enn frekar og gera notendur safnsins meira sjálfbjarga en áður.



SAMSTARF, RÁÐSTEFNUR OG VIÐBURÐIR

Starfsfólk héraðsskjalasafnsins tekur virkan þátt í margvíslegu samstarfi opinberu skjalasafnanna, Miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu og Félags héraðsskjalavarða á Íslandi.



Samstarfsverkefnunum fjölgar jafnt og þétt, sérstaklega verkefnum sem tengjast umskiptunum úr hefðbundinni skjalavörslu í rafræna skjalavörslu. Markmið samstarfs héraðsskjalasafnanna er að tryggja að sveitarfélögin geti afhent rafræn gagnasöfn sín, héraðsskjalasöfnin varðveitt þau til langframa og veitt aðgengi að þeim.

SAMSTARF - MHR OG NEA

Samstarf héraðsskjalasafnanna snýst að mestu um rekstur Miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu sem er samstarfsverkefni 15 héraðsskjalasafna. Þetta samstarf hófst haustið 2022 en Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu (MHR) var formlega stofnuð 9. febrúar 2024. Framkvæmdastjórn MHR skipa Stefán Bogi Sveinsson, Sólborg Una Pálsdóttir og Þorsteinn Tryggvi Másson og til vara Erla Dís Sigurjónsdóttir.

Héraðsskjalasöfnin og MHR eru í samstarfi við Netværket Elektronisk Arkivering (NEA) sem er samstarfsverkefni yfir 30 sveitarfélaga í Danmörku um rafræna skjalavörslu. Dönsk sveitarfélög telja það þjóna hagsmunum sveitarfélaga og ríkisins betur að greina með skýrum hætti á milli skjalavörslu þessara stjórnsýslustiga. NEA er hluti af Borgarskjalasafni Kaupmannahafnar og þjónustar rúmlega 2,2 milljónir íbúa. Verkefni og þjónusta NEA nær til allra þátta langtímavörslu rafrænna gagnasafna. Samtarf MHR og NEA styður við stafrænu vegferð sveitarfélaganna og héraðsskjalasafnanna.

MHR og söfnin unnu sameiginlega að kortlagningu gagnasafna og þá vann framkvæmdastjórn og starfsmaður MHR að gerð verkferla og verklagslýsinga sem taka til kortlagningar, tilkynninga á rafrænum gagnasöfnum, varðveislumats, gerðar úrskurða, skilafunda, skila og afgreiðslu á gögnum úr rafrænum gagnasöfnum. Þorsteinn Tryggvi fundar reglulega með sérfræðingum NEA um margvísleg tæknileg atriði. Þetta samstarf einfaldar skil á rafrænum gagnasöfnum, styður við hlítingu reglna, auðveldar ráðgjöf og samræmingu verkferla.

Klasafundir MHR voru haldnir vikulega þar sem farið var yfir verkferla, álitamál og stöðu rafrænnar skjalavörslu, tilkynningar, varðveislumat og skil á rafrænum gagnasöfnum og þá fundaði framkvæmdastjórn aðra hverja viku að jafnaði.



MIÐLUN - SAMSTARF HÉRAÐSSKJALASAFNA

Héraðsskjalasafnið á og rekur vefi sem miðla ljósmyndum, heimildum, skjalaskrám og ýmsum sögulegum fróðleik. Sjö önnur héraðsskjalasöfn nota þessa lausn til að miðla gögnum úr sínum safnkosti og kaupa ákveðna þjónustu af héraðsskjalasafninu. Þessi söfn þurfa að fylgja stöðlum við skráningu á skjölum og við skráningu á lýsigögnum á stafrænum afritum sem er miðlað á vefnum. Þetta samstarf styrkir frekari samræmingu á skráningu.

NORRÆNU SKJALADAGARNIR Í OSLÓ

Norrænu skjaladagarnir voru haldnir í Ósló 15.-17. september. Þetta er stærsta ráðstefna norrænna skjalavarða og er haldin þriðja hvert ár. Meginþemu ráðstefnunnar hverfðust um möguleika og notkun gervigreindar á skjalasöfnum, öryggi, áreiðanleika og aðgengi að rafrænum gögnum opinberra aðila, miðlun safngagna með rafrænum hætti og hlutverki skjalasafna. Starfsfólk sótti fyrirlestra og tók virkan þátt í málstofum um þessi efni. Það er mikilvægt að starfsfólk sæki ráðstefnur og fundi og taki virkan þátt í að móta og þróa þær lausnir sem opinber skjalasöfn á landinu nota.



HAUSTRÁÐSTEFNA OG AÐALFUNDUR FÉLAGS HÉRAÐSSKJALAVARÐA

Á aðalfundi Félags héraðsskjalavarða 2024 voru félagar hvattir til að fjölmenna á Norrænu skjaladagana í Ósló í stað þess að halda sérstaka haustráðstefnu. Aðalfundur félagsins var haldinn í Deichman Bjørnvika bókasafninu sem stendur við hlið Norsku óperunnar 15. september. Fulltrúar frá 12 héraðsskjalasöfnum tóku þátt í ráðstefnunni og aðalfundinum. Sérstakur gestur fundarins var Guðni Th. Jóhannesson prófessor við Háskóla Íslands og fyrrverandi forseti Íslands. Guðni var einn af aðalfyrirlesurum Norrænu skjaladaganna þar sem hann fjallaði um mikilvægi skjalasafna í nútímanum, aðgengi að gögnum og áreiðanleika.

Félagið hélt þrjá rafræna fræðslu- og kynningarfundi á starfsárinu og þá voru sameiginlegir fundir héraðsskjalavarða og fulltrúa Þjóðskjalasafns venju fremur margir þar sem fyrirkomulag samstarfs opinberra skjalasafna var í brennidepli. Miklar umræður sköpuðust um samstarf, fyrirkomulag forstöðumannafunda, vinnu samráðshópa og skipan nýrra sérfræðihópa, gjaldskrá Þjóðskjalasafns, MHR o.fl.

LEIÐBEINANDI REGLUR UM AFGREIÐSLU TRÚNAÐARGAGNA

Stjórn Félags héraðsskjalavarða skipaði Valdísi Einarsdóttur og Þorstein Tryggva Másson í starfshóp um leiðbeinandi verklagsreglur um afgreiðslu trúnaðargagna ásamt Guðfinnu Hreiðarsdóttur sem var tilnefnd sem fulltrúi stjórnar. Hópurinn skilaði inn tillögum að verklagsreglum á vormánuðum 2025 sem voru svo kynntar fyrir félagsmönnum á haustmánuðum.

FUNDIR OG SAMSTARF OPINBERRA SKJALASAFNA

Í lok árs 2024 voru Björk Hólm Þorsteinsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson og Þorsteinn Tryggvi Másson skipuð í vinnuhóp um fyrirkomulag samstarfs opinberra skjalasafna fyrir hönd héraðsskjalasafnanna. Njörður Sigurðsson átti sæti í hópnum sem fulltrúi Þjóðskjalasafns. Á fundi 28. janúar kynnti hópurinn tillögur sínar. Gert er ráð fyrir því að samstarf opinberu safnanna byggi á forstöðumannafundum, sérfræði- og samráðshópum og ráðstefnu opinberra skjalasafna. Forstöðumannafundi skal halda tvisvar á ári. Sérfræði- og samráðshópar eru fimm, þ.e.: Samráðshópur um rafræna varðveislu, samráðshópur um varðveislu einkaskjalasafna, sérfræðihópur um skjalaskráningu, sérfræðihópur um miðlun og undirbúningshópur um fagráðstefnu opinberra skjalasafna.

Á forstöðumannafundi 28. mars kynnti Þorsteinn Tryggvi starf vinnuhópsins og tillögur um skipan í sérfræði- og samstarfshópa. Vinnuhópurinn hafði gert könnun um áhuga á setu starfsfólks í hópunum og tóku tillögur vinnuhópsins mið af þeim svörum. F. Elli Hafliðason, Guðmunda Ólafsdóttir og Þorsteinn Tryggvi voru skipuð í sérfræði- og samráðshópa með erindisbréfum sem voru kynnt og samþykkt af forstöðumönnum.

Þá voru umræður um alþjóðlegt samstarf nokkuð fyrirferðarmiklar sem og umræður um fagráðstefnur á sviði skjalavörslu og gjaldskrá Þjóðskjalasafns.

Seinni forstöðumannafundur ársins ,sem var fjarfundur, var haldinn 12. nóvember. Þar var vinna samráðs- og sérfræðihópanna kynnt. Þorsteinn Tryggvi fór yfir ýmis álitamál og spurningar sem hafa verið til umfjöllunar hjá sérfræðihóp um rafræna skjalavörslu, s.s. varðveislumat rafrænna gagnasafna, fyrirkomulag tilkynninga og þá hvort tilkynna þurfi öll gagnasöfn óháð varðveislumati, mismunandi skilaleiðir málasafna o.fl. Vinna annarra sérfræðihópa var einnig kynnt og þá var rætt um ráðstefnu opinberra skjalasafna, en ákveðið var að halda ráðstefnu árið 2027.

SÉRFRÆÐI- OG SAMRÁÐSHÓPAR OPINBERU SKJALASAFNANNA

Guðmunda, Elli og Þorsteinn sitja í sérfræðihópum opinberra skjalasafna um skjalaskráningu, miðlun og varðveislu einkaskjalasafna.

Markmið sérfræðihóps um skjalaskráningu er að ýta undir notkun staðla við skjalaskráningu, bæta verklag og greiða úr álitaefnum er varða skráningu. Þá er lögð áhersla á að samræma vinnubrögð eins og hægt er og skoða tæknilegar lausnir sem söfnunum standa til boða. Vinna við þýðingu á ISAD-G skráningarstaðli hófst og þá var send út könnun þar sem leitað var svara við því hvaða skráningarkerfi opinberu söfnin nota. Hópurinn fundaði fjórum sinnum.

Verkefni sérfræðihóps um miðlun snúa að miðlun safnanna á eigin safngögnum, fræðslu um miðlunarverkefni safnanna og skoða með hvaða hætti hægt sé að kynna safnkostinn betur fyrir fræðimönnum og almenningi. Þá er verið að skoða frekara samstarf safnanna á þessu sviði. Hópurinn sendi út könnun þar sem tækifæri til að samræma miðlun og leitarbærni þvert á söfn voru skoðuð. Hópurinn fundaði þrisvar á árinu.

Verkefni samráðshóps um varðveislu einkaskjalasafna snúa að gerð leiðbeinandi aðfangastefnu og gerð tillagna að rekstri og þróun á *einkaskjalasafn.is.* Þá var söfnun og varðveisla rafrænna einkaskjalasafna til umræðu. Hópurinn fundaði fjórum sinnum.

Héraðsskjalasafnið hefur verið með sérstaka aðfanga- og vörslustefnu allt frá árinu 2017. Ný og endurskoðuð stefna tók gildi 1. janúar 2022 og gildir til 31.desember 2026.

SAMFÉLAGSMIÐLAR

Héraðsskjalasafnið deilir efni á tveimur samfélagsmiðlum, facebook og instagram. Á samfélagsmiðlum safnsins er einn vikulegur fastur liður en það er hin svokallaða Föstudagsmynd. Hefur hún verið birt á facebook flesta föstudaga frá árinu 2014 og einnig á instagram frá 2023. Við val á föstudagsmynd er oftast reynt að horfa til þess hvað er í gangi í sýslunni og tengja fortíð við samtíð. Einnig eru birtar myndir á miðlunum aðra daga í tengslum við hátíðir og sérstök tilefni. Í desember ár hvert er reynt að bæta í og yfirleitt sett af stað jóladagatal með ákveðnu þema. Í ár var þemað jólagluggar. Samfélagsmiðlarnir eru góð leið til að kynna safnkostinn og safnið sjálft útávið og fara vinsældir þeirra vaxandi. Að vinna færslur á samfélagsmiðla dýpkar þekkingu starfsfólks á safnkostinum og oft er leitað í aðrar heimildir við vinnslu færslnanna.





KYNNINGAR, NÁMSKEIÐ OG FYRIRLESTRAR

- Fróðleikspistlar og ljósmyndir vikunnar á samfélagsmiðlum
- Fjallferðir í Árnessýslu, sýning í Sundhöll Selfoss í janúar
- Námskeið í grúski 24. og 25. mars í Hveragerði
- Námskeið í grúski 31. mars og 2. apríl í Reykholti
- Námskeið í grúski 7. og 8. apríl á Eyrarbakka
- Greiningarfundur á ljósmyndum á Vori í Árborg 25. apríl á Selfossi
- Fjallferðir í Árnessýslu sýning á Fjör í Flóa í maí
- „Góðan dag, get ég fengið að komast í samband við fortíðina" fyrirlestur á fræðsludegi Árborgar 21. ágúst
- Fjallferðir í Árnessýslu sýning í Bæjarbókasafni Ölfus í október
- Greiningarfundur á ljósmyndum í Menningarmánuðinum 17. október á Selfossi
- Erindi um skil á skjölum einstaklinga og félaga 23. október á Selfossi
- Mynt- og seðlasafn Helga Ívarssonar, sýning á afmæli og opnun 1. desember á Flúðum



40 ÁRA AFMÆLI








40 ÁRA AFMÆLI








AFHENDINGAR

Afh.nr.	Heiti safns	Afhendingaraðili	Tímabil	HM	GB
2025/1	Hafsteinn Þorvaldsson (28.4.1931-26.3.2015)	K. Hjördís Leósdóttir	1932-2008	0.33	
2025/2	Lionsklúbbur Selfoss	Guðmundur Guðmundsson f.h. Lionsklúbbs Selfoss	1965-2024	0.84	
2025/3	Hergeir Kristgeirsson (16.8.1934-12.4.2020)	Guðrún Herborg Hergeirsdóttir	1924-2007	0.08	
2025/4	Sunnulækjarskóli	Hermann Örn Kristjánsson, skólastjóri Sunnulækjarskóla		3.18	
2025/5	Iðnskólinn á Selfossi	Ólafur Sigurðsson	1955-1965	0.03	
2025/6	Svanborg Egilsdóttir (6.1.1946-), ljósmóðir	Svanborg Egilsdóttir ljósmóðir	1968	0.03	
2025/7	Hveragerðisbær, velferðar- og fræðsluþjónusta	Sigurdís Erlendsdóttir, ritari velferðar- og fræðsluþjónustunnar	1965-2019	2.49	
2025/8	Sandvíkurhreppur	Lýður Pálsson	1881-1996	0.21	
2025/9	Selfoss, dómnefndarálit miðbæjar	Brynja Hjálmtýsdóttir	1990	0.03	
2025/10	Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings	Sigurdís Erlendsdóttir, ritari velferðar- og fræðsluþjónustunnar	2008-2017	0.06	
2025/11	Hrossaræktarsamtök Suðurlands	Sveinn Steinarsson		5.00	
2025/12	Ferjunes, Villingaholtshreppi	Heimir Hoffritz	1886-2007	0.44	
2025/13	Blómamiðstöðin hf	Sveinn Auðunn Sæland	1971-1998	0.06	
2025/14	Kiwanisklúbburinn Búrfell	Kiwanisklúbburinn Búrfell, Diðrik Haraldsson forseti	1970-1999	0.35	
2025/15	Þingvallahreppur	Torfi Stefán Jónsson	1909-1941	0.03	
2025/16	Búnaðarfélag Skeiðahrepps	Ingvar Hersir Sveinsson	1927-2017	0.11	
2025/17	Eiríkur Magnússon (18.7.1860-28.7.1940) og Hallbera Vilhjálmsdóttir Bernhöft (3.9.1859-12.8.1931), Votumýri	Halla Ósk Heiðmarsdóttir	1987-2017	0.03	

Afh.nr.	Heiti safns	Afhendingaraðili	Tímabil	HM	GB
2025/18	Hróðmar Sigurðsson (14.5.1912-28.11.1957) og Ingunn Bjarnadóttir (25.3.1905-29.4.1972), Hveragerði	Anna Sigríður Hróðmarsdóttir	1916-1972	0.28	
2025/19	Hallgrímur Hróðmarsson (18.8.1948-8.5.2023)	Anna Sigríður Hróðmarsdóttir	1932-2024	0.45	
2025/20	Ungmennafélagið Samhygð	Helgi Stefánsson, Vorsabæ	1974-1994	0.11	
2025/21	Nautgriparæktarfélag Gnúpverjahrepps	Oddur Bjarnason, Stöðulfelli	1946-2005	0.11	
2025/22	Sveitarfélagið Ölfus	Sveitarfélagið Ölfus, Sandra Dís Hafþórsdóttir sviðsstjóri	2006-2010	0.03	1.83 GB
2025/23	Sveitarfélagið Ölfus	Sveitarfélagið Ölfus, Guðni Pétursson bæjarritari	1910-2017	6.58	
2025/24	Sveitarfélagið Árborg, skipulags- og byggingardeild	Sveitarfélagið Árborg, Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi	1950-2024	22.5	
2025/25	Björn Jóhannsson, Skriðufelli	Bergur Þór Björnsson		0.03	
2025/26	Hjónaballsnefnd Hrunamanna	Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri fyrir hönd Hrunamannahrepps	1990-2008	0.14	
2025/27	Prentsmiðja Suðurlands	Prentmet Oddi	1970-2003	0.03	
2025/28	Eiríkur Þorsteinsson (6.10.1886-25.7.1979) og Ragnheiður Ágústsdóttir (9.3.1889-26.2.1967), Löngumýri	Magnús Ágústsson	1910-1915	0.03	
2025/29	Prentsmiðja Suðurlands	Örn Grétarsson		0.45	
2025/30	Kvenfélag Selfoss	Kvenfélag Selfoss, Jórunn H. Jónsdóttir	1947-2016	0.58	
2025/31	Sóknarnefnd Hraungerðiskirkju	Sóknarnefnd Hraungerðiskirkju, Svanhvít Hermannsdóttir formaður	1963-2020	0.03	
2025/32	Margrét Guðbrandsdóttir	Jón Ólafsson	1940-1956	0.03	
2025/33	Tónlistarskóli Árnesinga	Tónlistarskóli Árnesinga, Helga Sighvatsdóttir skólastjóri	1987-2025	1.09	
2025/34	ART teymi Suðurlands	ART teymi Suðurlands, Álfheiður Ingólfsdóttir verkefnisstjóri	2017-2022	0.96	
2025/35	Bæjarblaðið	Sigurjón Erlingsson	1982-1989	0.08	

Afh.nr.	Heiti safns	Afhendingaraðili	Tímabil	HM	GB
2025/36	Selið, félagsheimili	Kvenfélag Selfoss, Jórunn H. Jónsdóttir	1985-1993	0.11	
2025/37	Leikskólinn Glaðheimar	Kvenfélag Selfoss, Jórunn H. Jónsdóttir	1967-1977	0.19	
2025/38	Vésteinn Hafsteinsson (12.12.1960-)	Kristinn M. Bárðarson	1988	0.03	
2025/39	Brú í Biskupstungum	Guðrún Þorsteinsdóttir	1920	0.06	
2025/40	Kiðjaberg	Einar Jón Briem	1931	0.06	
2025/41	Eyrarbakkahreppur	Inga Lára Baldvinsdóttir, Garðhúsum	1971	0.03	
2025/42	Ungmennafélagið Samhygð	Guðmunda Ólafsdóttir	1990-2019	0.06	
2025/43	Guðrún Eiríksdóttir (23.6.1903-11.6.2001), ljósmóðir	Guðrún Edda Haraldsdóttir	1930-1949	0.03	
2025/44	Sigurður Sigurðsson (26.2.1930-8.2.2025)	Sigríður Hrönn Sigurðardóttir		0.03	
2025/45	Uppsalir í Hraungerðishreppi	Oddný Guðmundsdóttir	1940-2008	0.08	
2025/46	Kvenfélag Villingaholtshrepps	Elín Bjarnveig Sveinsdóttir, Egilsstaðakoti	1936-2007	0.03	
2025/47	Ljósmyndir	Inga Lára Baldvinsdóttir, Garðhúsum		0.03	
2025/48	Hraun í Ölfusi	Hrafnkell Karlsson, Hrauni	1841-1988	0.30	
2025/49	Jóna Þórunn Vigfúsdóttir (30.3.1919-19.9.2003), ljósmyndir	Þorbjörg Svanfríð Gísladóttir	1968-1982	0.03	
2025/50	Árni Sverrir Erlingsson (3.7.1935-2.7.2019) - Tryggvaskáli	Sigríður Sæland	2016-2017	0.03	
2025/51	Húsmæðraskóli Suðurlands	Sigríður Sæland	1961-1962	0.03	
2025/52	Árnesingakórinn	Guðlaug Vilbogadóttir		0.03	
2025/53	Golfklúbbur Selfoss	Bárður Guðmundarson	1971-2022	0.12	
2025/54	Frístundaheimilið Bifröst	Frístundaheimilið Bifröst, Eva Björk Ingadóttir forstöðumaður	1994-2019	0.78	

Afh.nr.	Heiti safns	Afhendingaraðili	Tímabil	HM	GB
2025/55	Kiwanisklúbburinn Gullfoss	Hulda Ágústsdóttir	1984-2009	0.14	
2025/56	Flóaskóli	Flóaskóli, Þórunn Jónasdóttir skólastjóri	1992-2017	0.76	
2025/57	Bjarni Bjarnason (23.10.1889-2.8.1970) skólastjóri	Anna Karólína Vilhjálmsdóttir	1945-1987	0.29	
2025/58	Eyrarbakki, smáprent	Inga Lára Baldvinsdóttir, Garðhúsum	1995-2015	0.06	
2025/59	Sveitarfélagið Árborg	Sveitarfélagið Árborg, Þórey Ósk Arnarsdóttir	1990	0.03	
2025/60	Sólvellir, dvalarheimili aldraðra á Eyrarbakka	Inga Lára Baldvinsdóttir, Garðhúsum	2000-2006	0.03	
2025/61	Ólöf Sigurborg Ólafsdóttir (13.12.1941-5.6.2024), Hlemmiskeiði	Harpa Dís Harðardóttir, Björnskoti	1936-1990	0.06	
2025/62	Jón Sigurgrímsson (7.5.1922-29.6.2008) og Jóna Ásmundsdóttir (14.11.1936-10.9.2024), Holti Stokkseyrarhreppi	Ingibjörg Jónsdóttir	1890-2021	0.94	
2025/63	Ásmundur Eiríksson (11.10.1897-26.9.1981) og Guðlín Katrín Guðjónsdóttir (3.2.1905-12.7.1984)	Ingibjörg Jónsdóttir		0.06	
2025/64	Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita	Nanna Jónsdóttir, skrifstofustjóri Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita		22.70	
2025/65	Leikskólinn Krakkaborg	Leikskólinn Krakkaborg, Sara Guðjónsdóttir leikskólastjóri	2021-2025	0.41	
2025/66	Kvenfélag Grímsneshrepps	Laufey Guðmundsdóttir	1982-2019	0.14	
2025/67	Stærri-Bær í Grímsnesi	Laufey Guðmundsdóttir	1920-2019	0.25	
2025/68	Anna Guðrún Bjarnardóttir (14.4.1933-29.9.2019)	Jóhanna Sigríður Harðardóttir		0.03	
2025/69	Sigurjón Erlingsson (12.10.1933-6.9.2025)	Jóhann Hannes Jónsson	2025	0.03	
2025/70	Zontaklúbbur Selfoss	Heiðdís Gunnarsdóttir	1967-2011	0.30	
2025/71	Hestamannafélagið Sleipnir	Hestamannafélagið Sleipnir, Bryndís Guðmundsdóttir	1951-2020	0.30	

Afh.nr.	Heiti safns	Afhendingaraðili	Tímabil	HM	GB
2025/72	Védís Bjarnadóttir (16.10.1931-20.12.2021) frá Laugarvatni	Anna Karólína Vilhjálmsdóttir	1939-1986	0.08	
2025/73	Mímir, nemendafélag Menntaskólans að Laugarvatni	Anna Karólína Vilhjálmsdóttir	1976-1980	0.03	
2025/74	Fiskiver sf.	Inga Lára Baldvinsdóttir, Garðhúsum	1951-1982	0.06	
2025/75	Héraðsskólinn á Laugarvatni (Laugarvatnsskólinn)	Karl Guðmundsson	1932-1991	0.06	
2025/76	Hafsteinn Þorvaldsson (28.4.1931-26.3.2015)	K. Hjördís Leósdóttir	1958-1968	0.03	
2025/77	Anna Bjarnadóttir (25.5.1920-13.2.2011) frá Öndverðarnesi	Laufey Guðmundsdóttir	1940-1950	0.14	
2025/78	Ungmennafélag Sandvíkurhrepps	Lýður Pálsson	1915-1928	0.03	
2025/79	Rjómabúið í Sandvík	Lýður Pálsson	1911-1928	0.03	
2025/80	Búnaðarfélag Sandvíkurhrepps	Lýður Pálsson	1898-1925	0.06	
2025/81	Rjómabúið í Arnarbæli	Lýður Pálsson	1911-1911	0.06	
2025/82	Lýður Guðmundsson (18.11.1897-23.12.1988) og Aldís Pálsdóttir (6.5.1905-4.3.2002), Litlu-Sandvík	Lýður Pálsson	1908-1991	0.87	
2025/83	Frændasjóður	Lýður Pálsson	1943-1968	0.30	
2025/84	Jóhann Jóhannsson (6.11.1927-), Hlöðufelli	Inga Lára Baldvinsdóttir, Garðhúsum	1858-2017	0.06	
2025/85	Sólvellir, dvalarheimili aldraða á Eyrarbakka	Inga Lára Baldvinsdóttir, Garðhúsum	1986-2019	0.03	
2025/86	Pési- Fréttabréf Hrunamannahrepps	Hrunamannahreppur	2025	0.03	
2025/87	Áveitan í Flóahreppi	Ungmennafélagið Þjótandi	2025	0.03	
2025/88	Páll Lýðsson (7.10.1936-8.4.2008), Litlu-Sandvík	Lýður Pálsson		0.06	

ÁRSSKÝRSLA 2025

HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA









www.myndasetur.is
heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is
482 1259